



Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Reykjavík, 28. nóvember 2018

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, plastpokar (EES-innleiðing. S-231/2018)

Almennt

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og SVP - Samtök verslunar og þjónustu (samtökin) skila sameiginlegri umsögn um frumvarpsdrögin en þar er sett fram tillaga að tölulegum markmiðum sem skuli ná um árlega notkun burðarpoka úr plasti og að óheimilt verði að afhenda burðarpoka, þ.m.t. burðarpoka úr plasti, án endurgjalds á sölustöðum vara og að gjaldið verði sýnilegt á kassakvittun og loks er lagt til að óheimilt verði að afhenda burðarpoka úr plasti, hvort sem er með eða án endurgjalds, á sölustöðum vara frá og með 1. júlí 2021. Einnig kemur þar fram að frumvarpsdrögin eru í samræmi við drög að tillögu að aðgerðaáætlun um hvernig draga má úr notkun plasts, bæta endurvinnslu þess og takast á við plastmengun í hafi sem samráðsvettvangur um aðgerðaáætlun í plastmálefnum skilaði til umhverfis- og auðlindaráðherra 1. nóvember 2018, en þau drög eru hins vegar enn í samráðsferli til 4. desember 2018.

Samspil við EES-reglur

Samtökin taka undir ábendingar ráðgjafanefndar um eftirlit á vegum hins opinbera um að b- og c-liðir 4. gr. frumvarpsdraganna gangi lengra en nauðsynlegt er til að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/720 frá 29. apríl 2015 um breytingu á tilskipun 94/62/EB um minnkun á notkun létttra burðarplastpoka. Ekki verður séð að sú tilætlan stjórnvalda, að ganga lengra en umrædd tilskipun gefur tilefni til, hafi farið í þar til gert tilkynningarferli innan EES-svæðisins. Hafi slíkt ferli ekki átt sér stað telja samtökin verulegan vafa vera uppi um heimild stjórnvalda til að ganga svo langt í lagasetningu, að teknu tilliti til EES-skuldbindinga íslenska ríkisins, sem hér er lagt til.

Athugasemdir við 4. gr. frumvarpsdraganna

Samtökin benda á að fyrirtækin í landinu telja mikilvægt að draga úr plastnotkun eftir því sem unnt er. Í því skyni vísa samtökin til vandaðrar vinnu á árinu 2016 um aðgerðir er varða einnota plastburðarpoka. Starfsnefnd umhverfis- og auðlindaráðherra vann tillögur að aðgerðum um hvernig draga megi úr notkun plastpoka og skilaði skýrslu þess efnis. Umrædd nefnd samanstóð af fulltrúum tilnefndum af ríki, sveitarfélögum og atvinnulífs ásamt því að leitað var eftir samráði við hagsmunaaðila á ýmsum sviðum.

Í samræmi við erindisbréf nefndarinnar hafði hópurinn til hliðsjónar þjóðréttarlegar skuldbindingar íslenska ríkisins vegna EES-samningsins, þ.m.t. tilskipun 2015/720/ESB um breytingu á tilskipun 94/62/EB um minnkun á notkun létttra burðarplastpoka sem leggur skyldur á notkun á hefðbundnum plastpokum, sbr. samþykki Alþingis hinn 1. júlí 2015 á þingsályktun um að draga úr plastpokanotkun. Þá var við störf nefndarinnar einnig tekið mið af tillögu Umhverfisstofnunar um hvernig hægt væri að vinna stefnu og aðgerðir sem miði að því að draga



úr plastpökunotkun á Íslandi. Þessu til viðbótar hafði nefndin einnig til hliðsjónar stefnuna *Saman gegn sóun* um úrgangsförvarnir.

Á meðal tillagna nefndarinnar annars vegar bann við afhendingu burðarpoka án endurgjalds og hins vegar gjald á burðarpoka. Þannig yrði að tilteknum tíma liðnum komið í lög að óheimilt verði að afhenda burðarpoka án endurgjalds og jafnframt kveðið á um í lögum að slíkt gjald yrði sýnilegt á kassakvittun. Óháð nauðsynlegum lagabreytingum var verslunin hvött til að leggja strax gjald á alla burðarpoka sem þær nota og að hafa tiltækar, og fræða almenning um, aðrar lausnir en notkun einnota burðarpoka til að koma vörunni heim. Að mati hagsmunasamtaka verslunarinnar voru þessar tillögur best til þess fallnar að ná fram nauðsynlegri hugarfarsbreytingu á þessu sviði, hvort sem það varðar verslun eða neytendur.

Einnig er vísað til aðgerða sem tilteknar verslanir hafa þegar gripið til í þeim tilgangi að skipta út einnota burðarpokum fyrir fjölnota burðarpoka og/eða pokum úr öðrum lífbrjótanlegum efnum. Að mati samtakanna er mikilvægt að tekið verði tillit til þessa frumkvæðis innlendra aðila til að draga úr notkun á plastpokum, og þeim fjárfestingum sem þau hafa ráðist út í vegna þess nú þegar, og þeim verði ekki íþyngt óhóflega með frekari aðgerðum.

Samtökin ítreka það sem áður hefur komið fram í umsögnum þeirra að það er mikilvægt að horfa til heildarumhverfisáhrifa vöru þegar opinberir aðilar ákveða að beita stjórnsýsluaðgerðum til að stýra neyslu í þágu umhverfisnefndar. Þröngt sjónarhorn, t.d. ef eingöngu er horft til enda lífsferils, getur orðið til þess að umhverfisáhrif falli af meiri þunga fyrir í lífsferlinu, s.s. við framleiðslu eða flutninga. Einnig þarf að bera vöruna saman við staðgengilsvöru og meta hvað kemur í staðinn. Í skýrslu Umhverfisstofnunar Bretlands frá árinu 2011 er fjallað um niðurstöður vistferlisgreiningar á burðarpokum. Skoðaðar voru nokkrar nokkrar gerðir plastpoka, bréfpokar og taupokar. Í öllum tilfellum eru umhverfisáhrifin langmest vegna hráefnanotkunar og framleiðslu. Flutningar og förgun hafa hins vegar minniháttar áhrif. Fyrir allar gerðir af pokum er lykillinn að því að minnka umhverfisáhrifin sá að endurnota pokann eins oft og hægt er, hvort sem er til sömu nota, þ.e. innkaupa, eða sem ruslapoka. Nota þarf pappírspoka 3 sinnum og taupoka 131 sinnum til að gróðurhúsaáhrif séu minni en hefðbundinna plastpoka. Sé plastpokinn endurnotaður þarf að endurnota pappír- og taupoka en hefðbundnir plastpokar hafi marga kosti fram yfir aðrar tegundir poka sem skoðaðir voru.

Með vísan til þessa gera samtökin athugasemdir við c-lið 4. gr. frumvarpsdraganna þar sem lagt er bann við afhendingu á burðarpokum úr plasti frá og með 1. júlí 2021, sbr. 6. gr. draganna. Feli umrætt ákvæði í sér alfarið bann gegn afhendingu á plastburðarpokum, eins og ráða má af orðanna hljóðan þess, kann sú aðgerð að fela í sér víðtækari vandamál en ætlunin er að leysa. Þá benda samtökin á að sú tillaga gengur einnig gegn sátt sem náðist innan áðurnefndrar nefndar frá árinu 2017 og vísað hefur verið til. Hins vegar má ráða að ákvæðið leggi ekki alfarið bann við sölu slíkra poka séu þeir afhentir eða aðgengilegir í almennu vörurými verslana, gegn greiðslu líkt og önnur almenn vara, og telja samtökin að með slíku fyrirkomulagi verði unnt að brúa bilið þar til aðrar lausnir verða tiltækar til leysa plastburðarpoka alfarið af hólmi.

Samtökin geta fallist á tillögu sem kveðið er á um í b-lið sama ákvæðis um að bannað verði að afhenda plastpoka án endurgjalds, og má í því samhengi skoða aðrar tillögur frá árinu 2016 um aðgerðir samhliða slíkri breytingu, s.s. að komið verði á laggirnar nýjum pokasjóði sem vinni markvisst að verkefnum tengdum áðurnefndri tilskipun 2015/720/ESB.




Að lokum


Samtökin ítreka að mikið hefur áunnist á undanförunum áratugum hérlendis og í alþjóðlegu samstarfi um umgengi á hafi og aðgerðum gegn plastnotkun. Skoða mætti hagkvæmni þess að koma á betra hringrásarkerfi og vinnslu innanlands sem eykur endurvinnslu og minnkar innflutning. Íslenskir framleiðendur geta nýtt hráefnið þannig og eru að flytja inn endurunnið plast, sem væntanlega er að hluta til búið að flytja frá Íslandi til endurvinnslu. Lífsferill plastpoka er flóknari en virðist í fyrstu. Með því að taka tillit til ábendinga hagsmunaaðila sem hafa skilning á ólíkum þáttum flóknar keðju næst betri lausn en ef eingöngu og alfarið er einblínt á afmarkaðan þátt málsins, s.s bann gegn notkun á plastpokum.

Samtökin telja að ekki hafi verið sýnt fram á, hvorki í fyrirliggjandi drögum að tillögum að aðgerðaráætlun í plastmálum né heldur fyrirliggjandi frumvarpsdrögum, hvaða áhrif bann við burðarpokum úr plasti kann á að hafa á umhverfið, s.s. vegna annarra lausna sem þá þarf að grípa til og ágangs á náttúruauðlindir og umhverfi því tengt. Mikilvægt er að mati samtakanna að slíkt hagsmunamat liggi fyrir þegar teknar eru frekari ákvarðanir um aðgerðir.

Virðingarfyllst,


Pétur Reimarsson
f.h. SA


Björg Ásta Þórðardóttir
f.h. SI


Lárus M. K. Ólafsson
f.h. SVP